

8. október 2016 - fyrsti fundur Epsilondeildar starfsárið 2016-2017

Fundarstaður: Héraðsskólinn á Laugarvatni

Epsilonsystur hittust að Laugarvatni í dag fyrir framan Héraðsskólann. Við gengum þaðan niður að vatni þar sem við hittum Erlu Þorsteinsdóttur sem tók á móti okkur með skóflu í hönd. Hún gróf upp pott með seyddu rúgbrauði sem hún hafði grafið niður í heitan sandinn sólarhring áður. Í húsakynnum rétt þar hjá gæddum við okkur á hverabrauði með smjöri sem smakkaðist einkar vel.

Við gengum þaðan upp að stytta Jónasar Jónssonar frá Hriflu í hlíðum Laugarvatnsfjalls. Jónas „horfir“ í átt að Héraðsskólanum sem var byggður fyrir hans tilstilli 1928 og teiknaður af Guðjóni Samúelssyni. Við systur sungum þarna nokkur lög honum til heiðurs.

Við skoðuðum Héraðsskólann með leiðsögn Erlu Þorsteinsdóttur. Af því loknu snæddum við hádegisverð í skólanum og héldum óformlegan fund. Erna Ingvarsdóttir lét af embætti formanns. Hún þakkaði fráfarandi stjórn fyrir ánægjulegt samstarf og bað nýjan formann, Ingibjörgu Þorgerði Þorleifsdóttur, að taka við stjórninni.

Ingibjörg sagði frá drögum af dagskrá fyrir næsta starfsár. Rætt var um að það þyrfti að gæta þess að fundarstaðir væru sem dreifðastir um svæði félagskvenna. Ingibjörg sagði frá því að á næsta fund, sem verður haldinn í Þjórsárskóla, kæmi Guðbjörg fráfarandi landssambandsforseti. Fundarkonur voru hvattar til þess að mæta vel☺

Stjórnarkonur í Epsilondeild eru:

Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir formaður
Sigfríður Sigurgeirsdóttir ritari,
Eydís Katla Guðmundsdóttir gjaldkeri,
Kristín Sigfúsdóttir meðstjórnandi,
Hólmfríður Sigurðardóttir meðstjórnandi,

Erna Ingvarsdóttir ritaði fundargerðina